AUGLÝSING

um gildistöku breytinga frá 1975 á samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMCO).

Hinn 22. maí 1982 öðluðust gildi breytingar á samþykkt frá 6. mars 1948 um Alþjóðasiglingamálastofnunina sem þing stofnunarinnar gerði með ályktun A.358(IX) 14. nóvember 1975, leiðréttri með ályktun A.371(X) 9. nóvember 1977, en þó ekki breytingar við 51. gr. Breytingar við 51. gr. öðlast gildi 28. júlí 1982.

Breytingar þessar eru birtar sem fylgiskjal I. a. og b. með auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1980.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 22. júní 1982.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Nr. 10 22. júní 1982

AUGLÝSING

um viðbótarsamning við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Spánar.

Hinn 29. maí 1982 öðlaðist gildi viðbótarsamningur við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949 um aðild Spánar. Viðbótarsamningur þessi var undirritaður í Brussel 10. desember 1981.

Viðbótarsamningurinn var staðfestur af Íslands hálfu 26. febrúar 1982 samkvæmt heimild í ályktun Alþingis 25. febrúar 1982.

Viðbótarsamningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 22. júní 1982.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARSAMNINGUR
við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Spánar.

Aðilar Norður-Atlantshafssamningsins sem undirritaður var í Washington 4. apríl 1949

hafa fullvissað sig um að öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu mundi aukast við það að Konungsríkið Spánn gerist aðili að samningnum

og hafa því orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins skal við gildistöku viðbótarsamnings þessa bjóða, fyrir hönd allra samningsaðila, ríkisstjórn Konungsríkisins Spánar að gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Í

PROTOCOL
to the North Atlantic Treaty on the Accession of Spain.

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on April 4, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of the Kingdom of Spain to that Treaty,

Agree as follows:

Article I

Upon the entry into force of this Protocol, the Secretary General of the North Atlantic Treaty Organization shall, on behalf of all the Parties, communicate to the Government of the Kingdom of Spain an invitation

samræmi við 10. gr. samningsins verður Konungsríkið Spánn aðili þann dag er það afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku aðildarskjal sitt.

to accede to the North Atlantic Treaty. In accordance with article 10 of the Treaty, the Kingdom of Spain shall become a Party on the date when it deposits its instrument of accession with the Government of the United States of America.

2. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal ganga í gildi er allir aðilar Norður-Atlantshafssamningsins hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku um samþykki sitt á honum. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal skýra öllum aðilum Norður-Atlantshafssamningsins frá því, hvenær henni berst hver einstök slík tilkynning, svo og frá því, hvenær viðbótarsamningur þessi tekur gildi.

Article II

The present Protocol shall enter into force when each of the Parties to the North Atlantic Treaty has notified the Government of the United States of America of its acceptance thereof. The Government of the United States of America shall inform all the Parties to the North Atlantic Treaty of the date of receipt of each such notification and of the date of the entry into force of the present Protocol.

3. gr.

Viðbótarsamning þennan, sem gerður er á ensku og frönsku þannig að báðir textar eru jafngildir, skal varðveita í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Sú ríkisstjórn skal senda ríkisstjórnum allra aðila Norður-Atlantshafssamningsins staðfest eftirrit af viðbótarsamningnum.

Article III

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the Archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of all the Parties to the North Atlantic Treaty.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar með umboði skrifað undir viðbótarsamning þennan.

Lagður fram til undirritunar í Brussel 10. desember 1981.

In witness whereof, the undersigned plenipotentiaries have signed the present Protocol.

Opened for signature at Brussels the tenth day of December 1981.

22. júní 1982 Nr. 11

AUGLÝSING

um fullgildingu samkomulags um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum.

Í dag var fullgildingarskjali Íslands vegna samkomulags milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum komið til finnska utanríkisráðuneytisins. Samkomulagið var undirritað í Helsingfors 3. mars 1982. Alþingi hafði með ályktun 3. maí 1982 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginnn.

Tilkynnt verður um gildistöku samkomulagsins síðar.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 22. júní 1982.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.